

1904039 - Til umsagnar 778.mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra tekur undir með Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga og telur ekki tilefni til að leggjast gegn áformum um að stofnuð verði þjóðgarðastofnun, sem annist yfirstjórn mála er varða þá þjóðgarða og önnur náttúruverndarsvæði sem undir stofnunina heyra skv. lögum. Ekki er ástæða til að ætla annað en ná megi samræmdari vinnubrögðum og skilvirkni í framkvæmdum á sviði náttúruverndar með slíku móti. Þessu má að öllum líkindum ná ef regluverkið er vandað og hugað að skýrleika, stuttum boðleiðum og að stjórnendur á vettvangi geti tekið fullnaðarákvörðun í daglegum málum en ekki þurfi að bíða miðlægra ákvarðana í stóru sem smáu. Almennt þarf að undirstrika að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og óásættanlegt er ef frumvarpið gerir á einhvern hátt ráð fyrir að það verði skert. Varðandi umdæmisráð þá er hugað vel að því að sjónarmið ferðamála og útivistar sé með og er það jákvætt en atvinnulíf innan þjóðgarða er fjölbreytt og tryggja þarf að þær raddir heyrist skýrt og greinilega einnig. Því leggjum við til að fulltrúum heimamanna í umdæmisráðum verði fjölgað.